

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerða á sviði sjávarútvegs.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir eru felldar brott:

1. Reglugerð nr. 299/1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.
2. Reglugerð nr. 724/2006, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.
3. Reglugerð nr. 747/2006, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
4. Reglugerð nr. 748/2006, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Glettinganesgrunni nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
5. Reglugerð nr. 751/2006, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Langanesgrunni nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
6. Reglugerð nr. 752/2006, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
7. Reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.